

Sameiginlegur jólafundur Beta- og og Mýdeildar miðvikudaginn 30. nóvember 2011 kl. 19:00.

Fundarstaður: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Mættar voru 17 félagskonur úr Beta deild, 17 félagskonur úr Mý deild og tveir gestir Beta deildar.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Kveðjur frá Mý deild
4. Kynning á konum
5. Tónlistaratriði
6. Veitingari
7. Jólagestur segir frá.
8. Hapdrætti

1. **Setning fundar.** Selma Hauksdóttir kveikti á kertum og þorgerður formaður Betadeildar setti fund. Hún bauð Mý deild velkoma á fund og bar kveðjur frá fjarverandi konum úr Beta deild.
2. **Orð til umhugsunar.** Ragnheiður Stefánsdóttir las ljóð um Grýlu og Leppalúða eftir Þórarinn Eldjárn og jólasöguna *Jesús frá sjónarhóli barna* sem er gömul saga eftir nemenda úr Barnaskóla Akureyrar.
3. **Kveðjur frá Mý deild.** Jenný Gunnbjörnsdóttir formaður Mý deildar bar kveðjur frá fjarverandi konum úr Mý deild.
4. **Kynning á konum.** Konur kynntu sig með nafni, starfi, starfsstöð og hvenær þær gengu inn í sína deild.
5. **Tónlistaratriði.** Petrea Óskarsdóttir úr Mý deild spilaði á þverflautu 2 kafla úr verki eftir Bach.
6. **Veitingar.** Konur gæddu sér á hefðbundnum veitingum jólafunda í boði stjórna Beta og Mý deilda
7. **Jólagestur segir frá.** Gestur fundarins að þessu sinni var Anett Blischke sem kemur frá Austur – Þýskalandi. Hún sagði frá jólasíðum og venjum bæði í máli og myndum. Meðal þess sem fram kom var að jólaundirbúningur hefst 6. desember með Nikulásardegi. Þetta er mikill fjölskyldutími og var nánast allt búið til þar sem erfitt var að nálgast hluti en í dag hefur nútíminn hafið innreið sína og því er meira keypt tilbúið. Hver fjölskylda ræður hvort haldið er upp á 24. eða 25. desember. Boðið er upp á önd eða gæs með kartöflubollum í hádeginu. Í kaffinu er boðið upp á piparkökur, gingerbread, kleinur, þýska jólaköku, kleinuhringi, ástarpunga og glögg. Gjafir eru opnaðar um kaffileytið. Eftir að búið er að opna gjafirnar má fara að leita að sælgæti sem er falið í jólatrénu. Mikið er lagt upp úr baksti, föndri, söng og hljóðfæraleik. Ekki mátti nefna engla eða mál tengd trú í Austur – Þýskalandi og var textum því einfaldlega breytt. Farið var í leikhús til að sjá jólasýningar. Mikil hefð er fyrir jólamörkuðum og hefur t.d. verið jólamarkaður í borginni Dresden frá árinu 1434. Á mörkuðunum eru jólagjafir, matur, sælgæti og skraut til sölu, einnig eru þar dýr, svell og Parísarhjól. Námuverkamenn í hátíðarbúningum fóru í skrudgöngur fyrir jólin og konur bjuggu til blúndur. Eingöngu var hægt að fá banana og appelsínur um jólahátíðina.
8. **Hapdrætti.** Sigríður Magnúsdóttir hlaut vinning að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 21:15.

Ritari: Jónína Hauksdóttir